

## Rotarýklúbur Hafnarfjarðar - Skýrsla starfsársins 2011 til 2012

### Inngangur

Ágætu Rótarýfélagar. Nú er komið að lokum 66. starfsárs Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar. Þetta ár sem ég hef verið forseti klúbbsins hafur verið fljótt að líða og einstaklega ánægjulegt.

Vissulega getur maður verið stoltur af að gegna trúnaðarstörfum í klúbbi sem er hluti af einni merkustu alþjóðahreyfingu á okkar tímum. Boðskapur hreyfingarinnar kemur best fram í kjörorði hennar Service above self eða **Þjónusta ofar eigin hag**. Hugmyndafræði hreyfingarinnar endurspeglast ekki síst í fjórprófinu sem við förum með í lok hvers fundar. Ekki er að efa að ef allir jafnt einstaklingar sem þjóðarleiðtogar tileinkuðu sér þá hugmyndafræði væri friðvænlegra og betra ástand í heiminum.

Nú eru félagar í Rótarýhreyfingunni um 1,2 milljónir sem starfa í um 32. þúsund klúbbum í yfir 200 löndum í öllum heimsálfum.

Okkar klúbbur starfar eins og aðrir klúbbar á grundvelli alþjóðahreyfingarinnar sem hvílir á þjónustuhugsjóninni, en þjónustuleiðir Rótarý eru nú 5:

- Klúbbþjónusta
- Starfsgreinaþjónusta
- Samfélagsþjónusta
- Alþjóðleg þjónusta
- Ungmennþjónusta

Í samræmi við grundvallarlög Rótarý eru nefndir í klúbbnum sem sinna eiga þessum 5 þjónustuleiðum, þ.e. klúbbþjónustunefnd, starfsþjónustunefnd, þjóðmálanefnd, alþjóðanefnd og æskulýðsnefnd. Ég er ekki viss um að öllum félögum sé ljós þessi tenging þjónustunefndanna við grunnstoðir Rótarýhreyfingarinnar og e.t.v. er ástæða til að skerpa á þessum tengslum.

### Verkefni

Þegar núverandi umdæmisstjóri tók við setti hann hreyfingunni á Íslandi 3 markmið:

1. Virkari þátttaka klúbba í verkefnum.
2. Endasprettur Polio Plus
3. Nýr klúbbur sem sniðinn yrði að lífstíl yngri félaga.

Síðast talda markmiðið er ótengt okkar klúbbi en í starfsáætlun fráfarandi stjórnar klúbbsins settum við okkur markmið að stuðla að framgangi þeirra tveggja fyrst tölðu. .

Á alþjóðavettvangi ákváðum við að taka þátt í GSE starfshópaskiptum og taka á móti hópi frá Ástralíu. Þegar til kom höfðu fleiri klúbbar en nauðsyn krafði lofað þátttöku og

var okkur sleppt þar sem við tókum á móti hóp á síðasta ári. Við studdum svo umsókn Margrétar Bettyar Jónsdóttur kennara um að komast í GSE stafshóp sem fór til til Ástralíu í mars s.l. Umsókn hennar var samþykkt og sagði hún frá þeirri heimsókn á fundi í klúbbum.

Við tókum þátt í móttöku hóps Rótarýfélaga frá Suður Afríku sem voru hér á landi í vináttuheimsókn á vegum umdæmisins. Hópurinn, fern hjón, var hjá okkar frá hádegi 19. júní til hádegis 20. júní. Gunnhildur Sigurðardóttir og Björn Dagbjartsson hýstu tvenn hjón en hin gistu hjá Guðna Gíslasyni og Sigurði Þórðarsyni.

Við tókum við hópnum í Bláa lóninu og undir öruggri leiðsögn Eyjólfss Sæmundssonar fórum við með þau í orkuverið í Svartsengi, saltfisksetrið í Grindavík og Krýsuvíkurleiðina til Hafnarfjarðar. Morguninn eftir tók Einar Eyjólfsson á móti hópnum í Frikirkjunni, Gunnar Rafn Sigurbjörnsson sá um móttöku í Hafnarborg og Björn Pétursson tók á móti honum í Byggðasafninu. Ég vil færa öllum þessum félögum okkar innilegar þakkir fyrir þeirra framlag í að gera þessa móttöku mögulega.

Á alþjóðavettvangi ber hæst starfsemi Rótarýsjóðsins til að útrýma lómunarveiki. Tilmæli alþjóðahreyfingarinnar eru 100 USD á hvern félag árlaga. Eftir gengishrunið 2008 dró verulega úr framlögum okkar til þessa verkefnis. Síðustu ár höfum við verið að að fikra okkur upp á við á ný. Á síðasta starfsári var framlagið 25 USD og á þessu ári 50 USD. Auk þess hafa einstaklingar (Albert, Guðbjartur, Ragnheiður og Kristján) lagt fram fjárhæðir til þessa verkefnis, sem tvímælalaust ber hróður Rótarýhreyfingarinnar hæst í heiminum.

Á vettvangi samfélagsþjónustu ákváðum við að halda áfram merkingu gönguleiða í nágrenni bæjarins. Tvö skilti hafa verið smíðuð og greidd, en ekki hefur tekist að ljúka uppsetningu þeirra, en það verður gert á allra næstu dögum. Í samræmi við fjárhagsáætlun klúbbsins er skiltin greidd af gjöf sem Níelsar Árnasonar. Eins og áður hafði Þráinn Hauksson veg og vanda af gerð skiltanna, en honum til aðstoðar voru Hallgrímur Jónasson og Sigurður Einarsson.

Aðalverkefni okkar á sviði ungmennaþjónustu hefur verið eins og undanfarin ár viðurkenningar til nemenda sem skara fram úr í skólum bæjarins.

### **Innra starf**

Haldið var eitt klúbbsþing á starfsárinu og voru tvö mál á dagskrá. Stjórnin kynnti breytingar á sérlögum klúbbsins til samræmis við grundvallarlög Rótarýklúbba. Við töldum ekki rétt að fara í frekari lagabreytingar þar sem við samþykktum ný sérlög fyrir tæpum tveimur árum. Að mínu mati er þó full ástæða til að endurskoða löggin, stytta þau og einfalda og taka út atriði sem hæpið er að binda í lögum. Þetta er þó ekki stórmál enda há löggin ekki starfsemi klúbbsins.

Hitt efnið á klúbbspinginu var umræða um hvað skuli innifalið í félagsgjaldi. Þetta var framhald umræðu sem áður hefur verið upp í klúbbum og eins og fyrr voru skoðanir skiptar og þá einkum um hvort matur á klúbbsfundum, árshátíð o.fl. skuli vera innifalið. Róttækar breytingar í þessa veru verða ekki gerðar nema þorri félaga sé fylgjandi þeim. Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir ári síðan var þetta nokkuð rætt og ákveðið að breyta litlu í þessu efni. Þó var stigið lítið skref með því að gera ráð fyrir því í fjárhagsáætlun að um fjórðungur kostnaðar við árshátíð skyldi greiðast af félagsgjöldum.

Árshátíðin er einmitt einn af þeim þáttum í starfsemi klúbbsins sem hefur dalað nokkuð frá fyrri tíð. Þátttaka hefur minkað og undanfarin ár hafa innan við 40% klúbbsfélaga mætt. Sama var upp á teningnum á þessu starfsári en ég vil þó taka fram að eins og undanfarin ár tókst hátíðin vel og þeir sem mættu skemmtu sér prýðilega. Þetta er ekkert sér fyrirbrigði hjá okkur. Sama á við um marga aðra Rótarýklúbba og einnig önnur félagasamtök og starfsmannafélög fyrirtækja. Hefðbundnar árshátíðir virðast ekki vera vinsælar nú á tímum. Mér er kunnugt um að nokkrir klúbbar hafa felld niður hefðbundnar árshátíðir og gera eitthvað annað í staðinn.

Svipaða sögu er að segja um árlega sumarferð klúbbsins, þar hefur þátttakendum stöðugt fækkað og á næstíðasta starfsári mætti aðeins um fjórðungur félaga í dagsferð sem farin var upp í Borgarfjörð. Ferðanefnd á þessu starfsári ákvað því að breyta til og í stað heilds dags rútuferðar stóð nefndin fyrir heimsókn í Alþingishúsið og í Hörpu einn laugardagsmorgun og var endað á hádegisverði í Hörpu. Leiðsögumaður í ferðinni var félagi okkar Sigurður Einarsson, arkitekt, sem er arkitekt endurbóta á þinghúsinu og var í arkitektahópnum sem hannaði Hörpu. Þessi ferð tókst afburða vel. Hún var einföld í framkvæmd og kostnaður fyrir klúbbsinn enginn.

Í framhaldi af umræðum um ýmsa þætti í starfsemi klúbbsins svo sem fundartíma, félagsgjald, árshátíð, ferðalög o.fl. ákvað stjórnin að efna til skoðanakönnunar um viðhorf félaga til ýmissa þátta í starfseminni.

Niðurstaða könnunarinnar um flesta þætti var nokkuð skýr og fram kom að mikil íhaldssemi ríkir í klúbbum og ekki er vilji fyrir stórvægilegum breytingum. Kannski veldur hár meðalaldur félag einhverju um þessa afstöðu. Í sjálfu sér er íhaldssemi ekki slæmi í svona félagsskap. Eðlilegt er að klúbbar hér á höfuðborgarsvæðinu séu nokkuð mismunandi þannig að sem flestir geti fundið sig í einhverjum klúbbi. En þó að við séum ánægð með okkar starfi og viljum sem minnstu breyta verðum við þó að gæta þess að staðna ekki um of þannig að eðlileg endurnýjun verði í félagahópnum.

Félagafjöldi hefur lítið breyst síðustu ár og er það í góðu lagi. Það er ekki markmið í sjálfu sér að hafa klúbbsinn stærri en hann er. Á þessu starfsári hafa 3 félagar látist og 3 hafa sagt sig úr klúbbum. Í stað þeirra hafa 3 félagar gengið í klúbbsinn þannig að

klúbbfélögunum hefur fækkað um 3. Þetta er áhyggjuefni og er mikilvægt að gera gangskör að því að fá inn nýja félagar til að tryggja eðlilega endurnýjun.

Veigamesti hluti klúbbstarfsins eru vikulegu klúbbfundirnir. Þeir einir og sér eru fyllilega þess virði fyrir marga til að vera félagar. Fundarefni á klúbbfundum hvílir algjörlega á herðum nefnda klúbbsins. Á þessu starfsári hefur að mínu mati tekist vel til með fundarefni. Aðeins einu sinni féll fundarefni niður og nær undantekningalaust var fundarefnið mjög áhugavert og fræðandi og svo ég tali fyrir sjálfan mig hef ég á þessum fundum fræðst um ýmislegt sem ég hafði ekki hugmynd um. Vil ég færa nefndum klúbbsins þakkir fyrir góða frammistöðu á þessu sviði.

Sama er að segja um þriggja mínútna erindi þau hafa verið fjölbreytt og úr ólíklegustu áttum.

Mín skoðun er að við höfum verið á réttri braut bæði varðandi fundarefni og þriggja mínútna erindi. Ég vil þó nefna að þegar félagi okkar Sigríður Kristín flutti erindi á vegum starfsþjónustunefndar þá flutti hún í raun nýtt starfsgreinaerindi. Mér fannst þetta mjög áhugavert og leiddi hugann að því að félagar flytja sín starfsgreinaerindi skömmu eftir að þeir ganga í klúbbinn, eru svo félagar í áratugi og breyta margir oft um starf á tímabilinu. Ég held að það væri áhugavert að fá oftari að heyra hvað klúbbfélögarnir eru að gera. Þetta gæti bæði verið í formi fyrirlestra, en eins mættu félagar stundum í þriggja mínútna erindum segja frá sjálfum sér og hvað þeir eru að fást við.

Ég vil svo að lokum þakka félögum mínum í stjórninni ánægjulegt samstarf og ykkur ágætu félagsmenn þakka ég fyrir gott samstarf á starfsárinu. Þetta hefur verið ánægjulegt tímabil og óska okkur öllum góðs gengis og að starfsemi klúbbsins verði öflug á komandi árum.

Sigþór Jóhannesson, forseti 2011 - 2012